

## Markmið Krakkaheima

- Að bjóða upp á fjölbreytt tómsundastarf
- Að hver eintaklingur fái að njóta sín og þroskast í umhverfi sem einkennist af hlýju, öryggi og virðingu.
- Að efla sjálfsmynd barnsins í gegnum leik og starf
- Að vinna með lýðræðislegum starfs háttum, efla hæfni barnanna til að móta sér sjálfstæðar skoðanir og hafa áhrif á umhverfið sitt.
- Að leyfa börnum að þroska félagslega færni í samskiptum í gegnum leik og starf sem og virðingu fyrir sjálfum sér, öðrum og umhverfi sínu.

Háaleitisskóli býður upp á Frístundaskóla fyrir nemendur í 1.- 4.bekk eftir að skóladegi lýkur og starfar hann til kl. 16:00. **Starfsfólk biður foreldra að virða vistunar tíma barna sinna.**

Dagskrá frístundaskólans felst í hæfilegu jafnvægi á milli skipulagðrar dagskrár og frjáls leiks sem er ekki síður mikilvægur fyrir yngstu börn grunnskólans. Dagskráin er skipulögð þar sem hugað er að vali, klúbbastarfi, hreyfingu, fræðslu, upplifun ásamt því að nærast og hvíldar.

Krakkaheimar eru staðsettir hjá tölvuveri og bókasafni skólans. Þar inn af ganginum er síðan minni frístundastofa sem við notum. Við höfum aðgang að öðrum stofum, íþróttahúsi, tölvuveri og bókasafni ef þörf þykir og hvað hentar hverju sinni.

Fimm starfsmenn starfa í Frístundaskólanum í vetur. Líkt og í skólanum e runnið eftir reglum PBS,

stuðningur við jákvæða hegðun.

## Almennar upplýsingar

Fylla þarf út umsókn inn á Mitt Reykjanes eða eyðublað þegar sótt er um dvöl í Frístundarskólanum. Sótt er um fyrir hvert skólaár. **Ef breyta þarf vistunartíma barns þarf að gera það fyrir 15. hvers mánaðar. Segja upp vistun í Frístundarskólanum verður að gera með tveggja vikna fyrirvara.** Nauðsynlegt er að tilkynna veikindi eða leyfi til skólaritara eða umsjónarmanns fyrir kl 13:00.

**Mikilvægt er að láta umsjónarmann vita af öllum breytingum varðandi vistun barns með fyrirvara.**

Það er gjaldkeri bæjarskrifstofu Reykjanesbæjar sem sér um innheimtu gjalda fyrir Frístundaskólann. Fast mánaðargjald er 16.000 kr. á mánuði ( skólaárið 2014-2015). Tímagjald er 355 kr. en þá er einungis greitt fyrir frístundavistunina. Síðdegishressing kostar 115 kr, hún er útbúin af Skólamat.

Frístundarskólinn er opin á skertum nemendardögum en **lokaður á starfsdögum, páska, jóla- og vetrarleyfum skólans.**

Umsjónarmaður: G. Bryndís Jónsdóttir.

Starfsmenn: Vilhjálmur Jónsson

Kristinn Frans Stefánsson

Guðrún Geirsdóttir

Þorbjörg Snorradóttir

**Frístundasíminn er 616– 0041** einnig er hægt að senda tölvupóst á [fristund@haaleitisskoli.is](mailto:fristund@haaleitisskoli.is)  
Skólasíminn: 420-3050 frá kl 7:30 – 15:00

**Upplýsingavefur PBS:** [www.reykjavik.is/pbs](http://www.reykjavik.is/pbs)

**Upplýsingavefur Háaleitisskóla:** [www.haaleitisskoli.is](http://www.haaleitisskoli.is)



# Háaleitisskóli

Frístundaskólinn Krakkaheimar

Ábyrgð - Samvinna - Tillitsemi

**Skráning barna:** Starfsmenn merkja við börnin um leið og þau mæta í frístundaskólann. Vanti barn er leitað upplýsinga hjá skrifstofu skólans hvort búið sé að tilkynna frí eða veikindi. Starfsmenn leita af þeim börnum sem eiga að mæta en skila sér ekki. Haft er samband við foreldra finnist barn ekki.

**Foreldrar eru beðnir um að tilkynna frí til umsjónarmanns eða skólaritar fyrir kl 13:00.**

**Útivist:** Gert er ráð fyrir daglegri útiveru og eru leiksvæði skólans nýtt auk þess sem farið er í lengri og skemmri vettvangsferðir. Starfsfólk sinnir eftirliti með frjálsum leik barna á útisvæði auk þess er gjarnan farið í skipulagða leiki. Ef þörf er á að sækja barn í frístundaskólann á meðan vettvangsferð stendur, þá þarf að hafa samband í síma frístundarskólans.

**Síðdegishressing:** Börnin borða hollt og gott nesti frá Skólamat. Oftast er þá í boði brauð, álegg, djús, vatn og ávextir. Einn dag í mánuði er í boði skúffukaka og kakó, í miklu uppáhaldi hjá börnunum.

**Val:** Valið fer oftast fram um leið og þau koma í frístundaskólann. Þar fá þau tækifæri á að velja og vera í frjálsum leik. Dæmi um val: Legó, kubbar, lita, barbie, bílar og perla.

**Klúbbastarf:** Skipulagt klúbbastarf er leitt af starfsmanni. Við notumst við stýrt hópastarf það sem starfsmenn raða börnunum niður í hópa fyrir fram.

Dæmi um hópastarf: Ævintýraklúbbur, spila og leikjklúbbur, listarklúbbur, bókunarklúbbur ofl.

Í **dagslok:** Mikilvægt er að foreldrar tilkynni þegar barn er sótt. Starfsfólk sér um að skrá út þau börn sem taka strætó heim.

**Frístundaskólinn lokar kl 16:00 og ætlast er til að foreldrar virði þau tímamörk.**

## Vikuskipulag\*

Tími	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur
13:05-13:15	Skráning barna	Skráning barna	Skráning barna	Skráning barna	Skráning barna
13:15-14:00	Val	Val	Val	Val	Val
14:00-14:20	Síðdegishressing	Síðdegishressing	Síðdegishressing	Síðdegishressing	Síðdegishressing
14:20– 15:30	Föndur/ listir/ Frjálst val	Íþróttahús/ Tölvur	Föndur/listir/ Frjálst val	Tölvur/ Íþróttahús	Kvikmynd/Val
15:30-16:00	Útivera	Útivera	Útivera	Útivera	Útivera

\*birt með fyrirvara um breytingar

**Hópaskipting:** Við notum fjölbreytta hópaskiptingu, stundum skiptum við hópnum upp eftir kyni eða bekkjum. Með þessu er hægt að vinna markvissara og uppbyggilegra starf með þeim.

Í Krakkaheimum er ekki leyfilegt að vera með gsm síma, snjallsíma, spjaldtölvu eða önnur verðmæti. Ekki er æskilegt að koma með leikföng að heiman nema að annað sé auglýst. Einnig viljum við benda á að ekki er leyfilegt að koma með skiptisþjöld af neinu tagi.

